

225. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

26. mars 2013, kl. 10:00. Austurvegi 56, 2. hæð.

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Ársreikningur SOS 2012.

Ársreikningur SOS fyrir 2012 lagður fram. Tekjur á árinu voru 94.502 þúsund kr, rekstrargjöld voru 96.812 þúsund, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 4.020 þúsund. Hagnaður ársins var 1.710 þúsund krónur.

Ársreikningur samþykktur.

Stjórn SOS leggur ríka áherslu á að niðurstaða náist sem fyrst í viðræðum við SORPU um sameiningu eða samstarf. Verði þeim viðræðum ekki lokið fyrir 1. júní 2013 hefjist undirbúningur að slitum SOS. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu að sölu eigna (troðara, húss og vigtar).

2. Breyting á viðskiptakjörum.

Borist hefur tilkynning frá SORPU bs um að allir afslættir sem samlagið hefur veitt hafi verið aflagðir og gjaldskrá fyrir móttöku ákveðinna úrgangsflokka lækkuð sem nemur 2 – 19 %. Sorpstöð Suðurlands hefur í framhaldi fellt niður alla afslætti og tilkynnt sínum viðskiptavinum um breytinguna. Frá og með 15. febrúar 2013 samanstendur gjald vegna móttöku og meðhöndlunar úrgangs og endurvinnanlegra efna af gjaldskrá SORPU eins og hún er ákvörðuð á hverjum tíma auk umsýslugjalds SOS.

3. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi, fundargerð frá 12. mars 2013.

Lögð fram.

4. Skoðunarferð stjórnar 5. mars 2013.

Stjórn SOS heimsótti SORPU og starfstöðvar nokkurra sorphirðu- og endurvinnslufyrirtækja.

Stjórn þakkar framkvæmdastjóra fyrir gott skipulag en ferðin var fræðandi og upplýsandi. Jafnframt þakkar stjórn þeim fyrirtækjum sem heimsótt voru fyrir góðar móttökur.

5. Önnur mál.

Val varaformans SOS

Guðfinna Þorvaldsdóttir valin varaformaður.

IPA styrkumsókn, synergy of local biofuel and organic fertilizers.

Umsókninni var hafnað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:55